

Fréttatilkynning innköllun

Innköllun á granóla

Nathan & Olsen hefur borist tilkynning frá sínum birgja um að varnarefnið ethylene oxíð sem er bannað í matvælum hafi fundist í sesamfræjum sem er notað í framleiðslu á tvær tegundir af granóla.

Með tilliti til varúðarsjónarmiða og með hliðsjón af neytendavernd, viljum við tryggja að allar vörur sem fyrirtækið dreifir uppfylli ítrustu gæðakröfur og höfum við því innkallað af markaði tvær vörutegundir með eftirfarandi „best fyrir“ dagsetningum:

Vörunúmer	Nafn	Best fyrir	Mynd
410000	Til hamingju Morgungull 450g	30.05.2021	
410100	Til hamingju Granóla 450g	27.08.2021	
410105	Til hamingju Granóla 1kg	01.09.2021	

Þeir sem keypt hafa vörur með ofangreindum „best fyrir“ dagsetningum eru vinsamlega beðnir um að skila þeim inn til Nathan & Olsen hf., Klettagörðum 19, 104 Reykjavík.

Vörunni var dreift til eftirtalinna aðila: Bónus, Hagkaup, Krónan, Hlíðarkaup, Nettó, Melabúðin, Krambúðin, Kjörbúðin, Iceland, Fjarðarkaup, Verslunin Kassinn, Kjöthöllin, Samkaup Strax, Kaskó, Smáalind/Fjölval, Pétursbúð, Rangá, Hjá Jóhönnu ehf, Verslunin Einar Ólafsson, Verslunin Borg

Frekari upplýsingar veitir Nína Margrét Rolfsdóttir í síma 530-8400/774-4001 eða í tölvupósti nina.rolfsdottir@1912.is.

10.11.2020

Virðingarfyllst,

Nína Margrét Rolfsdóttir

Gæðastjóri Nathan & Olsen hf / Ekrunnar hf / 1912 ehf